

Kennari	Hannesína Scheving hannesina@vma.is	Sk.st.	HAN
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu. Um smitsjúkdóma, kynsjúkdóma, tóbaks, áfengis- og vímuefnavarnir. Einnig um geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarvörnum. Áhersla er lögð á forvarnarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfisþáttum sem ógnað geta heilbrigði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfisþáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra

Námsgögn: Líf og heilsa. Höf.: Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigríð Stordal. Þýdd af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
33	Kynning á efni áfangans	Verkefni	0,5 %
34	Kafli 1. Heilbrigði og sjúkdómar Kafli 2. Gætum að heilsunni	2x Verkefni	0,5% +0,5%
35	Kafli 3. Forvarnir og heilsuefling	Verkefni	0,5%
36	Kafli 4. Heilbrigðisfræðsla	Verkefni	0,5%
37	Kafli 5. Algengir sjúkdómar og forvarir	Verkefni	0,5%
38	Kafli 6. Umhverfið og forvarnir	Verkefni Skapandi verkefni undirbúið	0,5%
39	Kafli 7. Slysavarnir	Verkefni	0,5%
40	Kaflar 8 og 9. Atvinnulífið og forvarnir, kynferði og kynlíf	Annarpróf kaflar 1-7 Verkefni	20% 0,5%
41	Kaflar 10 og 11. Getnaðarvarnir, Barn í vændum	2x Verkefni	0,5% + 0,5%
42-43	Kaflar 12 og 13. Forvarnarstarf meðal barna og unglunga. Lyf	2x Verkefni	0,5% + 0,5%
44-45	Kaflar 14-15-16-17. Áfengi, tóbak, fíkniefni,	Skil á skapandi verkefni 2x verkefni	10% 0,5% + 0,5%
46-47	Kafli 18. Líkamlegt hreinlæti	Verkefni	0,5%
48	Kaflar 19 og 20. Örverur, smit og smitleiðir	Ritgerðarskil 2x Verkefni Verkefni	10% 0,5% + 0,5% 0,5%
49	Kafli 21. Varnarkerfið.	Verkefni	0,5%
50	Upprifjun og próf		

HBFRHH05 Haustönn 2021

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Lokapróf	50%	
Annarpróf	Eitt annarpróf um miðja önn úr köflum 1-7	20%	
Skapandi verkefni	Nemendur vinna skapandi verkefni úr efni áfangans	10%	
Ritgerð	Ein ritgerð úr efni sem tengist heilbrigði um miðja önn. Einstaklingsritgerð	10%	
Skilaverkefni	Verkefni unnin eftir hvern kafla, gilda 0,5% hvert alls 20 stk.	10%	
Samtals		100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			
Annað: til að ljúka áfanga þarf að ná 4.0 úr lokaprófi taka annarpróf, skila ritgerð og skapandi verkefni að lágmarki.			

ATH: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Verkefni lækkar um hálfann fyrir hvern dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag

Dagsetning: 16.08.2021

Hannesarinn Sch
Undirritun kennara

Inga B. Olafsd
Undirritun þrautarstj., fagstj eða staðgengils

